

Minnisblað til fjölskylduráðs 21.maí 2021

Félagsleg liðveislu í Hafnarfirði.

Félagsleg liðveisla:

Félagsleg liðveisla eða stuðningsþjónusta er veitt í samræmi við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum og í vissum tilfellum lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, reglum um stuðningsþjónustu við börn og fjölskyldur þeirra, 1. desember 2020 og reglur um liðveislu fatlaðs fólks í Hafnarfirði/2004.

Félagsleg liðveisla felur í sér stuðning í ákveðinn fjölda klukkustunda á mánuði að hámarki 60 tíma á mánuði eða 15 tíma á viku. Ef um fötlun er að ræða getur stuðningur verið í fleiri klukkustundir á mánuði í samræmi við lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr.38/2018.

Markmið félagslegrar liðveislu hefur fyrst og fremst verið að rjúfa félagslega einangrun. Önnur markmið eru meðal annars fylgd í þriðja stigs þjónustu eins og til talmeinafræðings, í sjúkrapjálfun og fleira. Liðveislan nýtist einnig sem stuðningur við einstaklinga í félagsstarf við hæfi og iðkun íþróttar.

Umsóknarferli:

Umsóknir um liðveislu berast fjölskyldu- og barnamálasviði gegnum mínar síður, annað hvort frá umsækjanda sjálfum eða frá aðstandenda ef um barn er að ræða. Umsóknir geta einnig borist til ráðgjafa í málefnum fatlaðs fólks í viðtali, á skilafundum hjá Greiningarstöð, þroska og hegðunarstöð, Bugl og fleiri stofnunum, en einnig gegnum teymisfundi í skóla.

Umsóknir um liðveislu eða fjölgun liðveislutíma fer alltaf fyrir afgreiðslufund stuðnings- og stoðþjónustu þar sem þörf fyrir úrræðið er metið og umsókn samþykkt. Ráðgjafi tilkynnir umsækjanda um niðurstöðu en einnig eru send bréf sem staðfesta niðurstöðu afgreiðslufundar. Umsóknnum um stuðningsþjónustu/liðveislu hefur fjölgað síðastliðið ár og er nú óskað eftir fleiri tímum en áður.

Í mörgum tilfellum hafa umsækjendur, hvort heldur er um fullorðna umsækjendur eða forsjáraðilar barns að ræða, tillögur um starfsmann sem getur tekið að sér liðveisluna. Í öðrum tilfellum er kannað hvort að starfandi liðsmenn geti tekið að sér fleiri verkefni eða auglýst eftir fleiri liðsmönnum. Í öllum tilfellum er væntanlegum starfsmanni boðið í atvinnutal, sakaskrá könnuð og meðmæla leitað.

Þegar búið er að ganga frá ráðningu starfsmanns heldur ráðgjafi fund með liðveitanda og notanda ef um fullorðinn einstakling er að ræða eða aðstandendum ef um barn er að ræða. Þar er farið yfir markmið liðveislunnar og tilgang og mögulegar leiðir að markmiði ræddar. Eftir fundinn geta notandi liðveislunnar og liðsmaður skipulagt starfið.

Umfang:


Fjárhagsáætlun 2021 tók mið af fyrri hluta ársins 2020 og hafði þá áhrifa heimsfaraldurs ekki gætt að fullu. Áætlun um fjölda tíma í liðveislu á mánuði var áætlaður 1800 tímar, en er að öllu jöfnu rúmir 2000 tímar hvern mánuð. Í lok nóvember voru samþykktar reglur um stuðningsþjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. Í þeim reglum er gert ráð fyrir að stuðningur geti numið allt að 60 tíma á mánuð. Stuðningur er veittur út frá þarfagreiningu ráðgjafa og er ekki eingöngu vegna fötlunar.

Samningar um félagslega liðveislu eru 144, af þeim eru 80 samningar vegna barna 18 ára og yngri. Samningar vegna 19 ára og eldri eru 64.

Meðalaldur þeirra sem nýta sér félagslega liðveislu eru 22,5 ár og eru einstaklingarnir á aldrinum 6 ára – 71 árs.

Af skráðum samningum eru 141 þeirra virkir, þ.e.a.s liðsmenn skila tímum mánaðarlega, samþykktir tímar fyrir 141 virka samninga er 2126 tímar. Fjöldi tíma sem eru samþykktir eru frá 6 tímum á mánuði – 60 tímar á mánuði, meðaltími veittrar aðstoðar er 14 tímar á hvern einstakling.

Í einstaka tilfellum hefur þurft að leita til fyrirtækja eins og Sinnum og Ylfu vegna liðveislu við einstaklinga sem eru með alvarlegar fatlanir. Hefur það gefist mjög vel og verið stöðugleiki í þjónustunni. Í dag er einn slíkur virkur samningur sem hljóðar upp á 54 tíma á mánuði.



Starfsmannamál:

Skráðir starfsmenn í liðveislu eru 310 en um 130 starfsmenn skrá vinnutíma í vinnustund í hverjum mánuði. Liðsmenn sem ekki skila inn vinnutímum eru án verkefna eða velja að skila inn sínum tímum sjaldnar en mánaðarlega. Unnið hefur verið með listann og kannað hvort að liðsmenn sem eru án verkefna vilji taka að sér ný verkefni. Mikilvægt er að halda vel utan um þann mannauð sem í liðsmönnunum býr og að liðsmennirnir finni að þeir tilheyri stuðningsteymum einstaklinganna sem þeir eru að sinna.

Í lok 2017 var horfið frá því að liðsmenn skiluðu inn vinnuskýrslum og kvittun vegna útlagðs kostnaðar. Nú skrá liðsmenn sjálfir sinn vinnutíma, útlagðan kostnað og fjölda aksturskílómetra í Vinnustund. Útlagður kostnaður vegna barns nemur 5.000.- en 6.000 vegna fullorðins einstaklings. Akstur má nema 100 km á mánuði og miðast þá við að minnsta kosti 10 klukkustunda vinnu.

Fyrirkomulagið hefur mælst vel fyrir hjá starfsmönnum bæði þeirra sem starfa sem liðsmenn og þeirra sem ganga frá vinnustund til launa. Aðeins hefur borið á að foreldrar finnst þeir vera óöruggir með fjölda vinnustunda sem liðsmaðurinn skráir, þar sem að þeir þurfa ekki lengur að staðfesta unna tíma. Það er verið að skoða með hvaða hætti foreldrar gætu fylgst betur með og haft þá yfirsýn sem þau sakna.

Liðsmenn eru tímavinnumenn og búa við skert öryggi í sínu starfi. Þeir taka m.a. ekki þátt í fræðslu sem stendur öðru starfsfólki hjá Hafnarfjarðarbæ til boða, fá ekki ókeypis í sund eins og annað starfsfólk og bara lítill hluti þeirra fá jólagjafir. Eins og áður er nefnt er mikilvægt að liðsmenn finni að þeir tilheyri stuðningsþjónustunni og að ráðningarsamband sé styrkt. Liðsmenn eru mikilvægir hlekkir í stuðningsteymi þeirra einstaklinga sem þeir eru að sinna.


Samanburður við önnur sveitarfélög

	Hafnarfjörður	Reykjavík*	Kópavogur	Garðabær	Seltjarnarnes	Mosfellsbær
Fjöldi samninga (skjólstæðinga)	144	201			13	61
Fjöldi eininga (klst)	5.333,26	16.686,00			484,00	3.133,40
Meðalaldur skjólstæðinga	22,5	45,6			29,5	19,0
Meðaltímafjöldi pr. notanda	37,0	83,0			37,2	51,0

*

Ekki náðust upplýsingar til samanburðar frá Kópavogi og Garðabæ. Upplýsingar sem hafa fengist frá nágrennasveitarfélögum er að umsóknum um liðveislu hefur fjölgað síðastliðin ár og óskað hefur verið eftir fleiri tímum en áður, allt að 60 tímum á mánuði.

Samantekt:



Í maí 2021 er liðveisla veitt 141 einstaklingum, meðalaldur þeirra er 22,5 ár. Fleiri börn en fullorðnir nýta sér liðveisluna og er það í samræmi við reglur um samþætta þjónustu við börn og fjölskyldur

þeirra. Í Hafnarfirði sem og í nágrennasveitarfélögum eru umsóknnum liðveislu að fjölga og óskað er eftir fleiri tímum en áður. Ekki er líklegt annað en að sú þróun haldi áfram.

Ráðgjafi metur þörf einstaklings fyrir liðveislu og tímafjöldi er skoðaður í samráði við einstaklinginn sjálfan, foreldra hans eða forsjáraðila. Umsóknnum um stuðningsþjónustu hefur farið fjölgandi. Einnig hafa óskir um fjölgun tíma í stuðningsþjónustu aukist. Þegar ljóst er að samþykkja þarf aukningu í tímum í þjónustu er leitast við að samþykkja þjónustuna tímabundið ef þess er nokkur kostur. Foreldrar/forsjáraðilar velja oft á tíðum frekar félagslega liðveislu fram yfir önnur úrræði eins og t.d. stuðningsfjölskyldu eða skammtímadvalir.

Sjöfn Guðmundsdóttir
Deildarstjóri stuðnings- og stoðþjónustu